

Minnisblað um sameiningu þjónustustofnana fyrir fatlað fólk

Viðbrögð við athugasemdum umsagnaraðila

Ráðuneytið fagnar framkomnum umsögnum helstu hagsmunaaðila þessa málaflokks og þeim ábendingum og athugasemdum sem þar koma fram. Þessar umsagnir koma til viðbótar þeim fjölmörgu athugasemdum sem bárust í framhaldi af samráðsfundum ráðuneytisins með helstu hagsmunaaðilum og notendum þjónustu viðkomandi stofnana fyrir á þessu ári auk umsagna stofnananna. Allar þessar umsagnir eru til þess fallnar að styrkja og vanda undirbúning sameiningar þessarar stofnana og þar með efla starfsemi þeirrar nýju stofnunar sem hér er lagt til að verði sett á laggirnar.

Hér á eftir verður fjallað um helstu athugasemdir sem fram hafa komið frá ofangreindum aðilum.

1. Óvissa um fjármögnun nýrrar stofnunar og skerðingu á núverandi þjónustu

Töluvert er fjallað um þetta atriði af hálfu umsagnaraðila. Hér hefur sem dæmi verið nefnt hvort hugmyndin sé að sú hagræðing sem talin er skapast með sameiningunni eigi alfarið að ganga til þess að fjármagna þá viðbótarþjónustu gagnvart greiningu á einstaklingum yfir 18 ára aldri sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði fyrst og fremst innleidd á árunum 2017-2021. Einnig hefur verið nefnt að í dag séu biðlistar eftir þjónustu sem brýnt sé að taka á. Þá hafa komið fram áhyggjur um að þessi viðbótarþjónusta muni bitna á þjónustu við börn m.a. vegna fjármagnsskorts.

Þessi sjónarmið eru eðlileg og gott að fá tækifæri til að skýra þessi atriði frekar. **Í fyrsta lagi er rétt að ítreka að af hálfu ráðuneytisins hefur það frá upphafi verið grundvallarforsenda þessarar sameiningar að núverandi þjónusta verði í engu skert heldur er markmiðið að búa til nýja stofnun sem muni geta veitt enn betri þjónustu en gert er í dag.** Í þessu felst að sú hagræðing sem verður til við sameininguna fyrstu árin muni ganga til þess að bæta þjónustuna frá því sem nú er. Jafnframt má nefna að fyrir Alþingi liggja nú tillögur um viðbótarfjárveitingar til stofnananna til að mæta uppsöfnuðum halla fyrri ára og grynka þar með á biðlistum. Áætlanir um kostnað vegna viðbótarþjónustu við einstaklinga eldri en 18 ára koma eðlilega til endurskoðunar þegar nær dregur innleiðingu þeirrar þjónustu. Eins kemur til greina að fresta innleiðingunni um einhvern tíma til að skapa nýrri stofnun meira svigrúm til þess að móta starfsemina áður en þjónustan yrði aukin með þessum hætti.

2. Nokkrir umsagnaraðilar telja að þjónusta við börn muni skerðast við sameininguna og að ekki hafi verið horft til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Sem fyrr segir kemur fram í frumvarpinu að ekki sé ætlunin að breyta þeirri þjónustu sem stofnanirnar hafi hingað til veitt og því ætti sameiningin ekki að koma niður á eða skerða þjónustu við börn. Það hefur ávallt verið tekið skýrt fram að hagræðingin eigi að skila sér í betri þjónustu og þar af leiðandi í styttri biðlistum. Fram komu áhyggjur af því að draga myndi úr sérþekkingu og þróunarstarfi í þágu barna í nýrri stofnun. Markmiðið með nýrri stofnun er þvert á móti að hún verði til að styrkja þessa starfsemi með sameiningunni og þar með aðkomu fleiri sérfræðinga með faglega þekkingu á sviði barna.

3. Er starfsemi stofnananna það ólík að engin samlegðaráhrif verði við sameininguna?

Þessi sjónarmið koma fram hjá nokkrum umsagnaraðilum. Það er hins vegar rétt að vekja athygli á því að slík sjónarmið koma ekki fram hjá fulltrúum notenda þjónustunnar sem þvert á móti telja sameiningu þessara stofnana hafa í för með sér mikið hagræði þar sem viðkomandi einstaklingar og aðstandendur þeirra þurfi ekki lengur að ganga á milli stofnana í leit að þjónustu. Það er líka rétt að hafa í huga að margir einstaklingar eru fjölfatlaðir og hafa þess vegna þurft að leita til fleiri en einnar þessara stofnana. Eins má gera ráð fyrir að þessi samlegðaráhrif aukist enn frekar þegar sú þjónusta sem nú er veitt af Greiningarstöðinni verður útvíkkuð til einstaklinga eldri en 18 ára.

4. Óvissa um hvernig gjaldtöku verði háttáð, einkum gagnvart unglingum.

Við útfærslu á gjaldtökuheimildum þarf að líta til nokkurra atriða:

Í fyrsta lagi mun stofnunin veita sömu heilbrigðisþjónusta og kveðið er á um í reglugerðum settum á grundvelli laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Um þá þjónustubætti er eðlilegt að fari með sama hætti og gildir um sambærilega þjónustu þannig að jafnræðis sé gætt. Þannig muni t.d. sama gjald verða tekið fyrir útgáfu læknisvottorða hjá hinni nýju stofnun og er tekið hjá heilsugæslunni. Þarf þá einnig að huga að því að ekki sé hallað á sjálfstætt starfandi sérfræðinga sem veita sömu þjónustu.

Þegar hins vegar er um að ræða sérfræðiþjónustu eða aðra þjónustu sem aðeins er veitt á þessari stofnun og ekki gilda aðrar gjaldskrár eða reglugerðir um, er sú þjónusta gjaldfrjálís fyrir einstaklinga undir 21 árs.

Í þriðja lagi skal setja sérstaka reglugerð um greiðslubátttöku í útvegum hjálpartækja og skal þar gæta samræmis við þær reglur sem gilda um greiðslubátttöku vegna hjálpartækja sem úthlutað er af Hjálpartækjamiðstöð SÍ þar sem gæta þarf jafnræðis milli notenda hjálpartækja. Þannig getur komið til þess að hjálpartæki til einstaklinga undir 21 árs verði með einhverri greiðslubátttöku en það skal vera í samræmi við þær reglur sem gilda um önnur hjálpartæki.

5. Óvissa um réttindi starfsmanna við sameininguna, bæði almennt en þó sérstaklega varðandi heilbrigðisstéttirnar.

Þegar stofnanir eru sameinaðar með þessum hætti er ekki litið svo á að verið sé að leggja niður störfin heldur er gert ráð fyrir að þau verði flutt og að starfsmenn haldi óbreyttum kjörum. Þó er óumflýjanlegt að breytingar verði á störfum einhverra starfsmanna og á þá við 19. gr. laga nr. 70/1996. Þá gilda ákvæði laga nr. 70/1996 um annað en að ekki verður skylt að auglýsa störf innan nýju stofnunarinnar fyrir en búið er að bjóða öllum núverandi starfsmönnum störf við hæfi.

Um aðrar breytingar sem verða á störfum starfsmanna eftir að sameiningin á sér stað og eru ótengdar henni gilda almennar reglur. Þegar fjallað er um rétt starfsmanna til þess að taka störf með sömu kjörum er m.a. verið að vísa til þess að áunnin réttindi þeirra á núverandi stofnunum skerðist ekki við sameininguna. Tryggt verður að starfsmenn missi ekki þau áunnu réttindi sem þeir hafa nú þegar aflað sér.

Hvað varðar réttindi heilbrigðisstétta þá breytir umrædd sameining ekki í neinu starfsréttindum heilbrigðisstarfsmanna enda starfa þeir í skjóli síns starfsleyfis skv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Ekki er að finna í lögum neina takmörkun á starfsheimildum heilbrigðisstarfsmanna eftir því hvar þeir starfa eða undir hvaða ráðherra viðkomandi stofnun heyrir.

6. Athugasemdir við einstakar greinar snerust m.a. um að skilgreina þyrfti ýmis hugtök betur og laga ýmislegt.

Ýmsar gagnlegar athugasemdir koma fram við greinar frumvarpsins og verður farið í þær helstu hér á eftir. Rétt er að ítreka, í ljósi þess að margir gera athugasemdir við að ný stofnun sé að færa sig inn á svið annarra aðila, að ekki er ætlunin að fara inn á svið þeirra aðila sem eru að veita þjónustu á hinum ýmsu sviðum heldur endurspeгла verksvið og verkefni stofnunarinnar það hlutverk sem er sinnt á stofnununum í dag:

1. gr. – Skýrara er að tala um „að draga úr áhrifum *frávika*“ í stað þess að segja „að draga úr áhrifum *þess*“ í 2. mgr.

2. gr. – Samráðsvettvangur með hagsmunaaðilum. Sjá lið 8 hér að neðan.

3. gr. – Rétt er að benda á að allar skilgreiningar hugtaka voru settar fram í samráði við og eftir ábendingum forstjóra og sérfræðinga núverandi stofnana en ráðuneytið hefur ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvaða skilgreiningar séu réttastar í þessu samhengi. Rétt er þó til samræmis við aðra hugtakanotkun að nota frekar hugtakið „samþætt sjón og heyrnarskerðing“ í stað „daufblindu“ í 7. tl. Þá er tekið undir að betra samræmi er í að tala um „forsjáraðila“ en „forráðamenn“ í 17. tl.

4. gr. – Rétt er bent á að bæta má við „samþætt sjón- og heyrnarskerðing“ inn í setninguna „Þá skal hún annast skimun og frumathugun á heyrnaleysi...“

5. gr. – HTÍ og að einhverju marki ÞPM hefur annast úthlutun ákveðinna hjálpartækja. 5. gr. endurspeglar það en ekki er ætlunin að fela henni viðtækara hlutverk að þessu leyti heldur en er í dag.

6. gr. – Ekki er ætlunin að fara inn á verksvið þeirra sem eru að sinna ráðgjöf, fræðslu og rannsóknunum til hliðar við þær stofnanir sem nú starfa. Þær hafa hins vegar allar sinnt þessum þáttum og endurspeglar ákvæðið það.

7. gr. – Rétt er að ítreka að hér er aðeins verið að færa umsýslu með sérfræðiteymi, sem er sérfræðiráðgjöf við þjónustuveitendur (sem samræmist m.a. hlutverki miðstöðvarinnar), en ekki er verið að flytja aðra þætti sem heyra undir réttindagæslulögin nr. 88/2011. Sérfræðiteymið hefur ekki eftirlitshlutverk í þeim skilningi að ekki samrýmist starfsemi miðstöðvarinnar auk þess sem teymið er sjálfstætt í sínum störfum.

Brb. ákvæði - Ráðuneytið gerir ekki athugasemd telji velferðarnefnd rétt að láta lög um réttarstöðu starfsmanna við aðildarskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002 gilda um flutning starfanna.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemd telji velferðarnefnd rétt að fresta gildistöku brb. ákvæðis III til þess að gefa stofnuninni betra færi á að vinna að sameiningunni áður en farið verður í útvíkkun verkefna.

Lagst er gegn því að setja sérstakt endurskoðunarákvæði enda er það á forræði hvers ráðherra fyrir sig að vera vakandi fyrir því hvenær þarf að endurskoða lög og leggjast í þá vinnu. Ekki þarf lagafyrirmæli til.

7. Nokkrir umsagnaraðilar kalla eftir því að fyrir liggi reglugerð sem skýri betur verkefni nýrrar stofnunar.

Í fyrri frumvarpsdrögum var mun ítarlegri lýsing á verkefnum nýrrar stofnunar. Það var hins vegar ákveðið eftir samráð við forstöðumenn viðkomandi stofnana að hverfa frá slíkri upptalningu í lagatexta og hafa hana frekar í reglugerð. Þannig væri auðveldara að laga

starfsemina að breyttum aðstæðum og nýjum verkefnum sem upp kynnu að koma. Það liggja nú þegar fyrir drög að slíkri reglugerð sem ættu að geta verið tilbúin fljótlega.

8. Nokkrir umsagnaraðilar nefndu þörfina fyrir sérstakt fagráð eða samstarfsnefnd hagsmunaaðila.

Í dag er slíku samráði eða fagráði komið fyrir með mismunandi hætti og misjafnlega virkt. Af hálfu ráðuneytisins er hins vegar engin fyrirstaða gagnvart því að taka þetta atriði til frekari skoðunar ef það er vilji fyrir því af hálfu aðila.

9. Nokkrir umsagnaraðilar töldu að samvinna og samstarf við aðrar stofnanir, einkum heilbrigðisstofnanir, myndi versna við sameininguna.

Að mati ráðuneytisins hafa engin haldbær rök komið fram fyrir því að slíkt samstarf þurfi að breytast með tilkomu nýrrar stofnunar. Þvert á móti má frekar færa fyrir rök að ný, stærri og öflugri stofnun geti stuðlað að enn frekara og öflugra samstarfi við aðrar stofnanir en hjá minni stofnunum.

10. Fram hafa komið sjónarmið um að túlkapjónusta Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra eigi heima í nýju stofnuninni.

Þessi möguleiki hefur frá upphafi undirbúningsvinnunnar verið til skoðunar sem m.a. endurspeglast í því að fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem fer með málefni Samskiptastöðvarinnar hefur átt sæti í verkefnisstjórninni frá upphafi. Það var hins vegar niðurstaða verkefnisstjórnarinnar að ekki væri tímabært að fylgja þessari hugmynd eftir fyrr en fyrir lægi skýr afstaða MMR til málsins.

11. Ennfremur komu fram sjónarmið um að afgreiðsla hjálpartækja til þeirra einstaklinga sem ný stofnun myndi þjóna væri betur komin hjá henni en Hjálpartækjamiðstöðinni.

Af hálfu verkefnisstjórnarinnar var ekki talið tímabært að fylgja þessari hugmynd eftir að svo stöddu.

12. Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á mikilvægi þess að stofnunin þjóni öllu landinu.

Ráðuneytið er sammála þessu sjónarmiði og leggur áherslu á að þetta markmið verði haft að leiðarljósi við mótun nýrrar stofnunar enda er nú þegar fyrir hendi vísir að því í starfsemi stofnananna.